



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
um Bólu-Hjálmar  
í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli skáldsins  
að Bólu í Blönduhlíð**

**10. ágúst 1996**

Þegar Grímur Thomsen sat á Bessastöðum var skrifstofa hans til vinstri þegar komið er inn í Bessastaðastofu. Þar sat skáldið á síðkvöldum, lét hugann reika um liðna tíð og festi á blað ljóðlínur og kvæði. Thomsensstofa eins og herbergið er tíðum nefnt hefur frá árdögum íslensa lýðveldisins verið skrifstofa forseta á Bessastöðum. Við skrifborðið er æva gamall skápur, hurðir úr gleri, gersemi mikil. Hann geymir safn bóka sem fæstar eru stórar í sniðum eða þykkar, heldur flestar lítil kver. Hann varðveitir dýrmætustu auðlegð íslenskrar þjóðar, safn kvæða og ljóðmæla, sem eru okkur Íslendingum meira virði en flest annað sem fyrri kynslóðir hafa okkur fært.

Í ljóðaskáp Thomsensstofu eru tvö lítil kver og þegar ég handlék þau í morgun ákvað ég að koma með þau hingað til ykkar í dag. Hið fyrra er gefið út á Akureyri 1879 og hefur að geyma fyrstu útgáfu ljóðmæla Hjálmars Jónssonar frá Bólu. Þar er fremst kvæðið „Ísland fagnar konungi sínum á Þingvelli árið 1874“ og er sérstaklega tekið fram að það sé prentað eftir frumriti höfundarins. Þessi ljóðmæli Hjálmars komu út fimm árum eftir dauða hans en tæpum tíu árum síðar eða 1888 var að nýju gefið út úrval kvæða hans og kviðlinga. En með því að hið fyrra kver „var óvandað að öllum frágangi þótti ekki hæfa að halda áfram útgáfunni í þeim stíl“ eins og segir í formála ungs lögfræðings að útgáfunni 1888.

Formálann skrifaði Hannes Hafstein þá 27 ára gamall og segir þar að hann hafi þrem árum áður, þá rúmlega tvítugur tekist á hendur að velja úr öllum kvæðum Hjálmars vissan arkafjölda og búa það úrval undir prentun. Það er merkilegur vitnisburður um íslenska sögu að Hannes Hafstein skyldi ungur að árum gefa fyrstur út úrval kvæða og kviðlinga

Bólu-Hjálmars og fylgja því úr hlaði með ítarlegri ritgerð um alþýðuskáldið.

Maðurinn sem fyrstur varð ráðherra Íslands árið 1904 hafði tæpum tuttugu árum áður verið brautryðjandi í að skýra fyrir íslenskri þjóð mikilvægi hins norðlenska alþýðuskálds. Þetta kver sem Hannes Hafstein gaf út fyrir um 110 árum tók ég einnig með mér hingað norður.

Í formálanum segir Hannes um Hjálmar:

„Því að sagan af Hjálmari væri að miklum hluta saga um basl og stímabrák, sult og seyru, þrældóm og þvingun meðfæddra krapta, og algjörðan skort á öllu, sem þarf til þess að fullnægja frekum og stórstígum anda. Hún mundi ekki að eins sýna hvernig þau kjör eru, sem hver óvalinn auminginn, fæddur neðst niðri í tröppustiga mannfjelagsins, á að baslast við, frá því er hann fyrst kemur inn í heiminn í óskilum, þangað til honum loksins er holað niður í einhverju kirkjugarðshorninu allra óþökk, upp á sveitarinnar reikning, - en hún birti sjerstaklega, hvernig slík kjör eru á bragðið fyrir ríkan og fjölgáfaðan anda, og hver áhrif þau hafa á öflugan geðshræringarmann með óstýrlátu og lítt auðmjúku upplagi, sem hefur ekki að eins þann gamla djöful að draga, að þurfa að jeta og drekka, og það mikið, heldur hungur líka og þyrstir eptir andlegri fæðu og andlegum nautnum, finnur í sjer kraptinn, en hefur ekki annað en klakann einan að krafsa í hvor tveggja tilliti.

Um leið og sagan sýnir þetta, mundi hún líka sanna, hve stórkostlegir þeir hæfileikar hafa verið, sem Hjálmar var gæddur frá náttúrunnar hendi, þegar hann þrátt fyrir allt gat samt orðið það sem hann varð, eitt hið einkennilegasta og frumlegasta af skáldum lands síns, andlegur fulltrúi fyrir eina mikilvæga hlið á hinu íslenska landseðli og þjóðeðli, eins og síðar mun verða á drepið, í stað þess að kafna niður í vesaldómi, menntunarleysi, umkomuleysi og allsleysi.“

Þessi ummæli Hannesar Hafstein eru í senn meitluð lýsing á mikilvægi Bólu-Hjálmars í íslenskri menningu og jafnframt mikilvægur vitnisburður um næman skilnings Hannesar sem ungs manns á perlum íslensks skáldskapar.

Skáldbróðir Hannesar, Gestur Pálsson, sagði í fyrirlestri sem hann flutti árið eftir að úrval Hannesar á ljóðum Bólu-Hjálmars var gefið út í Reykjavík að Bólu-Hjálmar hafi verið „líkastur gnæfandi klettastrók á reginfjöllum sem aldrei hefur fengið nenn lífsgróður á sig en verður að standa þar hrikalega kaldranalegur og raunalega skuggalegur og taka á móti öllum þeim hryðjum úr íslensku lofti og fær ekkert gert nema anda frá sér nágusti ofan yfir byggðina“.

Hjálmar Jónsson var hertur í lífsbaráttu sem hann deildi með fjölda landsmanna á sinni tíð. Fátækt og f'kunnáttu einkenndu mannlíf í sveitum Íslands á síðustu öld. Það var auðvelt að vera vansæll og bitur, jafnvel reiður og ádeilugjarn við slíkar aðstæður.

Dr. Kristján Eldjárn sem var þriðji bóndinn á Bessastöðum frá lýðveldisstofnun lýsti ævi Bólu-Hjálmars á þann veg:

„Veraldarsaga Hjálmars Jónssonar er í einu orði sagt saga hins snauða íslenska kotbónda fyrri alda. Hún er öreigasaga frá upphafi til enda. Lífsbaráttu hans var eins og sú sem þúsundir hans líka háðu um landið allt, ævilangt návígi við fátækt og skort. Munurinn er hins vegar sá að saga fjöldans er örbirgðarsagan einber og aldrei sögð, en saga Hjálmars er sögð af því að hann á sér einnig aðra sögu. Hann var að vísu kotungur, en hann var einnig skáld, fræðimaður og listamaður.“

Það er skemmtileg vísbending um þann sess sem Hjálmar Jónsson frá Bólu hefur átt með íslenskri þjóð í röska öld að fyrsti ráðherra Íslands, Hannes Hafstein og þriðji forseti lýðveldisins Kristján Eldjárn skuli báðir leggja okkur til svo djúpvitrar og meitlaðar lýsingar á ævi og verkum Hjálmars.

En hróður hins fátæka alþýðuskálds, hagleiksmanns á orð og tré, hefur borist víðar en um íslenskar sveitir og sjávarbyggðir. Sá merki fræðajöfur Sigurður Nordal greindi frá því í erindi sem hann flutti á fræðslufundi í Verkamannafélaginu Dagsbrún árið 1942 að vorið 1918 þegar hildarleikur heimsstyrjaldarinnar fyrri hafði leikið Evrópu grátt, hafi hann átt samræður í London við prófessor Ker sem var líklega mesti bókmenntafræðingur Breta á sinni tíð. Prófessor Ker naut mikillar frægðar vegna eindæma þekkingar sinnar á bókmenntum álfunnar, bæði fornum og nýjum. Í samræðum við Sigurð greindi hann frá því, að haustið 1914 í upphafi heimsstyrjaldarinnar þegar nemendur hans, vinir og frændur voru að fara til Frakklands og snéru fæstir aftur frá vígvellinum hefði honum verið daprast í huga á ævinni. „Og þá“ sagði prófessor Ker „var mér ekki eins mikið fró af neinu og af að hafa yfir þessa vísu Bólu-Hjálmars:

„Mínir vinir fara fjöld,  
feigðin þessa heimtar köld.  
Ég kem eftir, kannski í kvöld,  
með klofinn hjálm og rofinn skjöld,  
brynju slitna, sundrað sverð og syndagjöld.“

Þessi frásögn Sigurðar Nordal staðfestir að hinn fátæki og örsnauði norðlenski bóndi sem dó saddur lífdaga, jafnvel beiskur vegna örlaga sinna, er ekki aðeins eitt merkasta skáld Íslands á síðari öldum heldur

hefur hann einnig hlotið merkilega sess meðal virtra bókmenntafræðinga í Evrópu.

Það er virðingarvert framlag að efna nú til hátíðar um Bólu-Hjálmar og færa í senn fram frásagnir og greiningu á framlagi skáldsins til íslenskra bókmennta og sýna að í æðum afkomenda hans rennur enn kraftmikið og skapandi skáldablóð.

Það er mikið ánægjuefni fyrir okkur Guðrúnu Katrínu að fá tækifæri til að taka þátt í þessari minningarhátíð ykkar. Um leið og við þökkum boð ykkar óska ég ykkur öllum til hamingju með þennan dag. Megi hann sýna að enn logar glatt í þeim eldi sem Bólu-Hjálmar kveikti á síðustu öld.